

# Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar

(Sameiginleg barnaverndarþjónusta Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps)

## Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar tímabilið 2023 – 2027


Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur reka saman barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar og hafa staðfest samþykkt þar sem vald til fullnaðar afgreiðslu mála samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er falið starfsfólki barnaverndarþjónustunnar.

Samningur fyrrnefndra sveitarfélaga um stofnun sameiginlegrar barnaverndar nefnist **Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar** og tók hann gildi 1. mars 2023.

Stefna og framkvæmdaáætlun Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er gerð með vísan til 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en í 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi fram:

„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send mennta- og barnamálaráðuneytinu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.“

### Stefnumótandi áherslur Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar í hnotskurn:



Stefna Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér í samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Lögð er áhersla á að skapa börnum góð og þroskavænleg uppeldisskilyrði þar sem þeim er tryggð jöfn þátttaka í námi og tómstundarstarfi. Jafnframt að styðja þau í daglegum verkefnum með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og efla félagsfærni. Lögð er höfuðáhersla á að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Leitast er við eftir fremsta megni að eiga samvinnu við foreldra og að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu. Einnig að

barnverndarþjónusta beiti viðeigandi úrræðum í nærumhverfi fjölskyldunnar til að bæta aðstæður barna.

Markmiðið er að foreldrum standi til boða stuðningur, ráðgjöf og fræðsla um foreldrahlutverkið og viðunandi uppeldi. Vakni áhyggjur um aðstæður barns skal brugðist við hratt og örugglega í góðri samvinnu þeirra stofnana sem að málum þurfa að koma.

Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar vinnur markvisst að því að uppfylla réttindi barna. Alþingi lögfesti Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í febrúar 2013 og verður hann sem rauður þráður í þjónustu barnaverndarinnar og ávallt hafður til hliðsjónar við meðferð barnaverndarmála. Þannig leggur Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar því lið að sveitarfélögin geti kallast barnvæn sveitarfélög í anda sáttmálans.

## Uppeldisfræðsla og ábyrgð



Stefna barnverndarþjónustu er að efla **foreldraábyrgð** og veita foreldrum **leiðbeiningar** og **tækifæri** til að börn alist upp við **proskavænleg uppeldisskilyrði** með hliðsjón af því sem **barni er fyrir bestu**. Barnaverndarþjónusta, í **samvinnu** við stjórnvöld og aðrar stofnanir samfélagsins ber að **vernda börn** gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu.

## Samvinna við fjölskyldu

Nauðsynlegt er að fjölskyldu sé tryggður viðeigandi stuðningur og að í samskiptum barnaverndarþjónustu og fjölskyldna sé samvinna höfð í fyrirrúmi. Með meðalhóf í huga verði ekki gengið lengra en nauðsyn krefur og áhersla á að börn geti notið þjónustu og úrræða í heimabyggð.

## Samráð og málsmeðferð

Barnaverndarþjónusta tryggir **faglega ímynd** með markvissu **samráði, samvinnu og fræðslu** til almennings og samstarfsaðila um **hlutverk og skyldur barnaverndar**. Réttlát **málsmeðferð** er höfð í fyrirrúmi og **meðalhófs** gætt við úrvinnslu barnaverndarmála.

Barnaverndarþjónusta skal eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra úrræða. Þau skal jafnframt ávallt miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Íþyngjandi ráðstöfunum skal ekki beitt nema að lögmæltum markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti.

## Réttindi barna



Ávallt skal hafa í forgangi það sem börnum er fyrir bestu þegar gerðar eru ráðstafanir á vegum stjórnvalda. Barnaverndarþjónusta leggur áherslu á að við úrvinnslu mála sé **hlustað á börn** og

**sjónarmið** þeirra tekin til greina. Tryggja skal rétt barna til að mynda sér sínar skoðanir og láta þær í ljós í málum sem þau varða. Stuðla ber að **stöðugleiki** sé í fyrirrúmi í uppvexti barna og sem minnst röskun á lífi þeirra auk þess sem nauðsynleg **tengsl og vernd** séu tryggð.

## Markmið og framtíðarsýn



### Stuðningur og úrræði

Mikilvægt er að efla úrræði í barnaverndarvinnu til að koma til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra og tryggja öryggi barna. Í því sambandi skiptir ekki síður máli samvinna stofnana hvort sem er innan sveitarfélaga eða á milli sveitarfélaga og ríkis.

- Koma á fót fjölskylduheimili á Akureyri til greiningar og þjálfunar
- Bæta við fleiri úrræðum fyrir foreldra
- Koma á námskeiði/úrræði sem eflir félagsfærni barna
- Tryggja fræðslu fyrir fósturforeldra
- Koma á fræðslu fyrir íþróttafélögin þar sem sérstaklega verði vakin athygli á tilkynningarskyldunni.
- Koma á stuðningsúrræðum fyrir seinfæra foreldra
- Rými fyrir neyðarvistun á Norðurlandi
- Efla enn frekar Tröppuna, meðferðarviðtöl fyrir börn sem orðið hafa vitni að ofbeldi
- Ráða sálfræðing til barnaverndarþjónustu sem sinnir m.a. greiningarvinnu og meðferðarvinnu með foreldrum.
- Áætlun varðandi foreldra sem misst hafa forsjá eða samþykkt að afsala sér forsjá

### Efling samvinnu

Samvinna er ein mikilvægasta forsenda þess að takist að vinna að breytingum á umönnun og aðbúnaði barna. Það þarf að eiga sér stað á öllum stigum málsins, allt frá könnun og þar til máli er lokað.

- Byggja upp traust og góðan samvinnugrundvöll við foreldra og börn þeirra á fyrstu stigum máls
- Tryggja að foreldrar og börn þeirra eftir atvikum séu vel upplýst um málsmeðferð og geti treyst því að meðalhóf og jafnfræðis sé gætt í vinnslu mála
- Árangursrík og virk samvinna stofnana í samfélaginu s.s. grunnskóla, leikskóla, heilbrigðisstofnana og lögreglu svo og aðra aðila sem mikilvægir eru í þessu sambandi.
- Efla samstarf barnaverndar og íþróttafélaga
- Vinna í anda farsældarlaganna og fjölga málum í anda samþættrar þjónustu
- Efla enn frekar samþættingu án hindrana fyrir börn og foreldra



### Árangursmat

- Árangursmeta samstarf við stofnanir

- Árangursmeta úrræði fyrir börn og fjölskyldur þar má nefna MST fjölkerfameðferð, fjölskyldustuðning Öskjunnar, tilsjónarstarf.

### Barnaverndarteymi Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar



- Meta þörf á auknum mannskap og tryggja öfluga meðferðarvinnu
- Efla endurmenntun barnaverndarstarfsmanna
- Stuðla að framþróun í starfsumhverfi barnaverndarþjónustunnar
- Áhersla á að starfsfólk njóti handleiðslu
- Tryggja skal gott starfsumhverfi og aðbúnað

### Samfélagið

- Stuðla að trausti og trúverðugleika almennings og samfélagsins í heild og auka þekkingu á barnaverndarstarfi
- Auka sýnileika barnaverndar t.d. auglýsing á strætö
- Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar gerð með barnaverndarglæraugum
- Virk og árangursrík barnavernd er mikilvæg fjárfesting, ekki síður en kostnaður



## **Framkvæmdaáætlun 2023 - 2027**

### **1. Fjölskylduheimili og einkaheimili**

Þróun greiningar- og þjálfunarheimilis á Akureyri og stofnun fjölskylduheimilis sem tekur við núverandi greiningar- og þjálfunarheimili. Í dag hefur Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar yfir að ráða einkaheimilum sem taka við börnum í bráðavistun til skamms tíma auk þess sem rekið hefur verið greiningar- og þjálfunarheimili í nokkur ár. Árangur þess úrræðis er staðreynd og hefur reynslan sýnt að þörfin er mikil og hefur heimilið ekki annað eftirspurn.

**Markmiðið** er að starfrækja áfram einkaheimili samhliða því að koma á fót, með stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytis og Barna- og fjölskyldustofu fjölskylduheimili á Akureyri með áherslu á greiningar- og þjálfunarvistun. Markmiðið með slíku úrræði er að grípa fyrir inn í mál barna og fjölskyldna þeirra og koma í veg fyrir að vandinn verði alvarlegri og ekki verði þörf á lengri meðferð fyrir ungmenni fjarri heimili eða fósturráðstöfun til lengri eða skemmri tíma. Þegar er farin á stað kostnaðaráætlun og vinna með ráðuneytinu í samvinnu við velferðarráð Akureyrarbæjar.

**Ábygðaraðili:** Forstöðumaður Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar.

**Tímaáætlun:** Stofnun fjölskylduheimilis um mitt ár 2024.

**Kostnaður:** 53 mkr. á ári

**Árangursmat:** Verði stofnun fjölskylduheimilis að veruleika skal meta árangur þess fyrir lok árs 2025. Fjöldi barna- og fjölskyldna sem nýta sér úrræðið og árangur metinn.

### **2. Tilsjón og stuðningsfjölskyldur í barnaverndarþjónustu**

Undanfarin ár hefur verið í gildi samningur við ákveðna tilsjónaraðila sem sinnt hafa óboðuðu eftirliti á heimilum. Þessi fasti kjarni starfsmanna hefur skapað bæði reynslu og þekkingu sem er ákjósanlegt. Mikilvægt er að halda utan um þennan hóp starfsmanna sem og aðra sem taka að sér tilsjón og persónulega ráðgjöf í barnaverndarmálum og stuðla að því að fastur kjarni verði til staðar í öllu tilsjónarstarfi barnaverndar. Þá er mikilvægt að leita leiða til að halda í stuðningsfjölskyldur og fá fleiri til þeirra starfa.

**Markmiðið** er að styrkja mannauðinn í tilsjónarstarfi og stuðningsfjölskyldum.

**Leiðir:** Samstarfsfundir með eftirlitsaðilum að minnsta kosti einu sinni á ári og fara yfir verklag og veita auk þess ráðgjöf eftir þörfum í tengslum við þau verkefni sem þeir taka að sér. Námskeið fyrir tilsjónaraðila og stuðningsfjölskyldur einu sinni á ári.

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustunnar ásamt öðrum starfsmönnum.

**Tímaáætlun:** Viðvarandi verkefni.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

### **3. Trappan – viðtalsmeðferð fyrir börn sem hafa orðið vitni að heimilisofbeldi.**

Trappan er úrræði sem starfsmenn Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar hafa nýtt í meðferðarvinnu sinni fyrir þau börn sem orðið hafa vitni að heimilisofbeldi eða orðið fyrir ofbeldi sjálf á heimilum sínum. Hefur þessi meðferð nýst börnum vel. Hins vegar hefur þessi meðferð setið á hakanum m.a. vegna ástandsins á covid tímanum og síðan vegna mikils álags í barnaverndarþjónustunni. Þetta er hins vegar mikilvægt úrræði og hafa starfsmenn fullan hug á að viðhalda þjálfun sinni til að nýta það í meðferðarvinnunni.

**Markmið:** Að úrræðið Trappan verði enn í boði þeim börnum sem orðið hafa vitni að ofbeldi á heimili sínu eða orðið fyrir því sjálf.

**Leiðir:** Endurmenntun/upprifjun á beitingu meðferðar.

**Ábyrgðaraðili:** Allir starfsmenn barnaverndarþjónustunnar.

**Tímaáætlun:** Endurmenntun í maí 2023 en um er að ræða viðvarandi verkefni.

**Árangursmæling:** Fjöldi barna sem nýta þjónustuna ár hvert.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

### **4. Signs of Safety – Ný nálgun í vinnslu barnaverndarmála**

Signs of Safety er styrkleikamiðuð nálgun í barnaverndarstarfi sem miðar að því að leggja mat á áhættu- og verndandi þætti í lífi barns. Barna- og fjölskyldustofa hefur haldið utan um kynningu og áætlun um innleiðingarferli þessarar aðferðar í barnaverndarvinnslu á landinu. Barnavernd á Akureyri hefur frá upphafi lýst áhuga sínum á að innleiða Signs of Safety í meðferðarvinnuna. Hafa flestir starfsmenn barnaverndarþjónustunnar fengið kynningu á aðferðinni, einhverjir sótt námskeið og gagnasöfnun verið virk. Barna- og fjölskyldustofa heldur utan um innleiðingarferlið í samvinnu við áhugasöm sveitarfélög.

**Markmið:** Efla og gera meðferðarvinnu í barnaverndarmálum markvissari og bæta vinnulag og árangur í barnaverndarvinnu.

**Leiðir:** Áframhaldandi samstarf við Barna- og fjölskyldustofu í innleiðingarferlinu. Starfsmenn barnaverndarþjónustunnar fá starfskynningu á aðferðinni í Svíþjóð.

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustunnar.

**Tímaáætlun:** Kynning á aðferðinni í Svíþjóð í maí 2023. Innleiðingarferli í samvinnu við áætlun Barna- og fjölskyldustofu en leggja þarf mat á hvort Signs of Safety sé raunhæfur kostur á tímabilinu.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

## 5. ESTER- greiningartæki og ASEBA

ESTER-greiningartæki hefur til allmargra ára verið notað í völdum barnaverndarmálum til könnunar á vanda og greiningar á styrkleikum og veikleikum barna og fjölskyldna. Er þetta mikilvægt greiningartæki auk þess sem tækið býður uppá möguleikann á að nota það til endurmats eða mats á árangri í málum. Mikilvægt er að starfsmenn fá rými til þess að nota þetta greiningartæki áfram. Þegar mikið álag er á starfsmönnum vegna fjölda mála þá hefur það sýnst sig að notkun þessa greiningartækis hefur legið á hakanum. Þá hafa starfsmenn tekið til notkunar ASEBA greiningarlista og er markmiðið að gera svo áfram.

**Markmið:** Tryggja vandaða greiningarvinnu við könnun máls í völdum málum.

**Leiðir:** Starfsmenn fá svigrúm til þess að geta nýtt þessi greiningartæki, sér í lagi ESTER.

**Ábyrgðaraðili:** Allir starfsmenn barnaverndarþjónustunnar.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda, felst í endurnýjun leyfis sem er óverulegur kostnaður

**Árangursmæling:** Fjöldi mála, viðvarandi verkefni.

## 6. Step by Step/Skref fyrir skref – Innleiðing nýrrar aðferðar í stuðningi við foreldra

Um er að ræða kanadíska gagnreynda aðferð til að koma til móts við þarfir foreldra með skerðingar og styrkja uppeldisfærni þeirra. Helstu markmið Skref fyrir skref er að auka foreldrahæfni og auka lífsgæði fjölskyldna þar sem foreldrar þurfa meiri stuðning við uppeldi barna sinna en aðrir foreldrar vegna einhverra skerðinga. Aðferðin gengur út á að meta þörf foreldra fyrir kennslu og þjálfun og veita foreldrum leiðbeiningar sem henta hverjum og einum.

**Markmið:** Fjölga úrræðum til að koma til móts við þarfir foreldra í uppeldishlutverkinu

**Leiðir:** Fjórir starfsmenn í Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar taka þátt í innleiðingunni og fá þjálfun

**Ábyrgðaraðili:** Sviðsstjóri velferðarsviðs

**Tímaáætlun og árangursmæling:** Fjórir starfsmenn Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar fara í gegnum námskeið og þjálfun í maí 2023. Haldið verður utan um fjölda þeirra foreldra sem njóta þessarar aðferðar og staða metin á hverju ári.

**Kostnaður:** Þegar fjármagnað

## 7. Viðhald og efling mikilvægrar samvinnu við lögreglu

Í gegnum árin hefur skapast öflugt og traust samstarf á milli lögreglu og barnaverndarþjónustu og er mikilvægt að viðhalda slíku mikilvægu samstarfi

**Ábyrg saman.** Áhersla á að efla forvarnir og beita snemmtækri nálgun til að vinna gegn áhættuhegðun barna og ungmenna. Vinna hófst haustið 2022 sem forvarnarfulltrúi lögreglu heldur utan um ásamt einum starfsmanni barnaverndarþjónustu.

Þá hafa verið haldnir samráðsfundir einu sinni til tvisvar á ári varðandi „glugginn opinn“ og verklag viðhaft til að bregðast strax við heimilisofbeldi.

Á árinu 2022 var einnig ákveðið að halda stutta fundi einu sinni í mánuði með fulltrúum frá lögreglu og barnavernd til að taka á ákveðnum málum sem upp koma annað hvort í einstaklingmáli eða samstarfið.

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustu og aðrir starfsmenn barnaverndarþjónustu

**Tímaáætlun:** Viðvarandi verkefni

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

## 8. Samvinna við skóla og íþróttafélög auk Sjúkrahúsið á Akureyri og félagsþjónustu og fræðsla um barnavernd og tilkynningarskylduna

Tengiliðir barnaverndarþjónustu hafa verið við hvern skóla og leikskóla undanfarin ár og ákveðin hefð skapast um samstarfið. Þá hefur skólum verið boðin reglulega fræðsla um barnavernd og tilkynningarskylduna. Þörf er á að bjóða þessa fræðslu til íþróttafélaganna og framhaldsskóla. Þá er einnig þörf á að sinna Sjúkrahúsinu á Akureyri og félagsþjónustu.

**Markmið** er að efla þessa samvinnu og auka fræðslu um barnavernd og tilkynningarskyldu þeirra sem kom að vinnu með börnum og ungmennum.

**Leiðir:** Bjóða uppá fræðslu til framhaldsskóla og íþróttafélaga líkt og hefð hefur skapast um í skólum og leikskólum.

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustu og aðrir starfsmenn.

**Árangursmæling:** Á árinu 2023 og 2024 hefur öllum skólastigum og íþróttafélögum sem og félagsþjónustu og Sjúkrahúsinu á Akureyri verið boðin fræðsla um barnavernd og tilkynningarskylduna.

**Tímaáætlun:** Viðvarandi verkefni

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

## 9. Endurskoðun handbókar barnaverndar

Núgildandi handbók barnaverndar er frá árinu 2018 og er því komin tími á endurskoðun vegna breyttrar málsmeðferðar og breytinga á barnaverndarlögum.

**Ábyrgðaraðili:** Lögfræðingur velferðarsviðs og starfsmaður barnaverndarþjónustu.

**Tímaáætlun:** Verk er þegar hafið og stefnt er að því að ný handbók verði kynnt starfsmönnum barnaverndarþjónustu í ágúst 2023.

**Kostnaður:** Óverulegur kostnaður, innan fjárheimilda

## 10. Fjölskylduteymi vegna barna með flókinn vanda

Fjölskylduteymi var stofnað í upphafi árs 2023 og er afrakstur samvinnu nokkurra stofnanna sem koma að málum barna og ungmenna með fjölþættan vanda. Þær stofnanir sem komu að stofnun fjölskylduteymis eru, barnavernd, félagsþjónusta, skólaþjónusta, Barna- og unglingageðteymi SAK, Heilsugæslan, skólahjúkrun og Barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Markmið með tilkomu þessa fjölskylduteymis er að leysa úr flækjustigum á milli kerfa í sérstaklega flóknum málum barna og ungmenna með margþættan vanda og styrkja samvinnu á milli stofnana.

**Leiðir:** Tiltekinn starfsmaður heilsugæslu heldur utan um teymið, heldur utan um fundargerðir og eru fundir haldnir einu sinni í mánuði. Hver yfirmaður ber ábyrgð á að málum verði fylgt eftir eins og ákvörðun er tekin um hverju sinni innan sinnar einingar.

**Ábyrgðaraðilar:** Yfirmenn stofnana/þjónustueininga sem koma að þessari samvinnu.

**Árangursmæling:** Gert er ráð fyrir að starfsemi teymisins festi sig í sessi á árinu 2023 og því viðhaldið á komandi árum.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda

## 11. Sérstök áhersla á mannauðinn hjá Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar

Nú hefur frá árinu 2018 verið reglulegar álagsmælingar hjá starfsmönnum barnaverndarþjónustunnar í gegnum Málavogina. Búið er að meta gagnsemi Málavogarinnar sem sýndi fram á mikilvægi hennar og vilja flestra barnaverndarþjónustu að nota hana áfram. Fjölgun hefur verið í starfsliðinu til að komast til móts við vaxandi álag og þyngd mála. Sú breyting varð á á árinu 2022 að tvíanna saman málavog og starfsmannasamtal. Þannig á sér stað samtál við starfsmann um álag og aðra þætti sem skipta máli varðandi faglega og persónulega líðan og stöðu starfsmanns.

Afar mikilvægt er að huga að velferð starfsmanna og starfsumhverfi þeirra til að koma í veg fyrir kulnun í starfi og um leið að tryggja vandaða málsmeðferð. Þá er eins mikilvægt að tryggja nauðsynlega endurmenntun starfsmanna.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu hafa undanfarin ár nýtt faglega handleiðslu betur en áður en mikilvægi þess að nýta handleiðslu er ótvíræð til að draga úr líkum á kulnun í starfi og vinna að vellíðan starfsmanna. Starfsmenn hafa auk þess notið hóphandleiðslu einu sinni á ári sem hefur nýst vel til að efla teymið, seiglu starfsmanna persónulega og faglega.

**Leiðir:**

- Málavog og viðtöl verða á þriggja mánaða fresti og velferðarráð upplýst um stöðu mála að minnsta kosti einu sinni á ári.

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustu

- Regluleg handleiðsla til starfsmanna og hóphandleiðsla annað hvert ár



**Ábyrgðaraðili:** Starfsmenn barnaverndarþjónustu

- Gerð endurmenntunaráætlunaráætlunar

**Ábyrgðaraðili:** Forstöðumaður barnaverndarþjónustu

**Tímaáætlun:** Endurmenntunaráætlun verði tilbúin í janúar 2024 og henni fylgt eftir og endurmetin á hverju ári.

**Kostnaður:** Innan fjárheimilda